

Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs

Brynja Sveinsdóttir





Gerðarsafn

Eina listasafn landsins tileinkað listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975) sem var brautryðjandi innan höggmyndalistar.

Safnið stendur á sterkum grunni arfleifðar Gerðar Helgadóttur þar sem tilraunamennska og sköpunarkraftur hennar er leiðarljós í allri starfsemi safnsins. Frumkraftur Gerðar eigi að næra allar hliðar starfsemi Gerðarsafns og byggja á þeirri forystu sem Gerður tók í höggmyndalist með áherslu á miðilinn bæði í sýningarhaldi og stuðningi við samtímalist.

Er þar leitast við að kanna ekki aðeins verk Gerðar í samhengi hennar eigin samtíma heldur að nálgast arfleifð Gerðar út frá samtíma okkar. Hvernig listamaður hefði Gerður verið ef hún hefði verið uppi í dag.



Listræn sýn

Starfsemi sem miðar að metnaðarfullum sýningum á samtímalist og list fyrri tíma sem höfða til breiðs hóps gesta, öflugu viðburðahaldi og faglegu starfi í umsjón safneignar. Megináherslur sýninga Gerðarsafns:

Margbreytileiki samtímalistar

Metnaðarfullar sýningar sem birta hugðarefni samtímans og tengja saman listamenn af ólíkum kynslóðum. Í sýningunum felst öflugt samstarf við listahátíðir og alþjóðleg samstarfsverkefni.

Myndlist fyrri tíma í nýju ljósi

Sýningar á verkum úr safneign sem útvíkka skilning okkar á íslenskri listasögu með nýrri nálgun og óvæntum tengingum.

Sýningar sem styrkja sérstöðu Gerðarsafns

Sýningar á skúlptúr á við sýningarröðina Skúlptúr / skúlptúr sem takast á við miðilinn og vísa í arfleifð Gerðar Helgadóttur.



List fyrir alla

Fræðsla og miðlun er grunnstoð listrænnar stefnu Gerðarsafns þar sem unnið er að því að vekja áhuga, forvitni og skapandi hugsun gesta og efla samband við nærumhverfið.

Gerðarsafn hefur markað sér sérstöðu fyrir fjölbreytt viðburðahald og er orðinn fastur áfangastaður fjölskyldufólks sem sækir fræðslurýmið Stúdíó Gerðar.

Starfsemi listasafna nær ekki aðeins til sýninga og viðburða heldur til heildarupplifunar gesta. Kynning, aðkoma, safnbúð, kaffihús, útisvæði og viðmót skipta sköpum í að gera heimsókn í Gerðarsafn að stað sem vekur forvitni, áhuga og skapandi hugsun gesta.

Útvíkka má á starfsemi safnsins út fyrir hússins dyr svo Gerðarsafn væri kjarni listrænnar starfsemi í ólíkum hverfum Kópavogs með smiðjum, sýningum, hátíðum og útilistaverkum í almenningrýmum.



Heildstæð upplifun af safnaheimsókn

Gerðarsafn hefur orðið að áfangastað fyrir fjölskyldufólk, áhugamenn um myndlist, kaffihúsagesti og nággranna safnsins. Markmið Gerðarsafns er að halda áfram uppbyggingu sem hefur orðið til mikillar aukningar á gestum á safnið, stórra sýninga-, fræðsluverkefna og öflugs alþjóðlegs samstarfs og samvinnu við listahátíðir, mennta- og menningarstofnanir.

Gerðarsafn hefur hlotið tilnefningar og verðlaun fyrir starfsemi sína síðastliðin ár.


2021 Safnaverðlaunin I Tilnefning
Nýjar leiðir í fræðslustarfi og miðlun.

2023 Myndlistarverðlaunin I Útgáfa ársins
Óræð lönd um listsköpun Bryndísa Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson.

2024 Safnaverðlaunin I Tilnefning
Tengingu milli innra og ytra safnastarfs: rannsókn og miðlun á verkum Gerðar Helgadóttur.

2024 Myndlistarverðlaunin I Áhugaverðasta samsýningin
Að rekja brot í sýningarstjórn Daríu Sól Andrews.

GESTAFJÖLDI Í GERÐARSAFNI



Stóraukin aðsókn í Gerðarsafni

Með aukinni áherslu á samtímalist, fræðslu og heildræna upplifun í safnaheimsókn hefur gestafjöldi Gerðarsafns fjórfaldast á árunum 2014-2022.

Síðastliðin átta ár hafa að jafnaði verið haldnir tæpir 70 viðburðir ár hvert og um 1000 skólabörn heimsótt Gerðarsafn ár hvert.

Safnið hefur hlotið fjölda styrkja til að styðja við starfsemi sína frá Safnasjóði, Myndlistarsjóði og erlendum sjóðum. Styrkirnir eru bæði stuðningur fyrir verkefni safnsins og einnig viðurkenning fyrir starfsemi safnsins.

Árið 2024 hlaut Gerðarsafn styrki fyrir 20 milljónir.

Árið 2025 er núþegar komnir styrkir fyrir 12.5 milljónum, aðeins frá einum sjóði: Safnasjóði. Þar á meðal 2 ára öndvegisstyrkur fyrir rannsókn á verkum Valgerðar Briem.



Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Sýningar 2025 - 2026



Stara

25. jan. 2025-19. apríl 2025

Austursalur & Vestursalur

Sýningin Stara er með verkum átta listamanna sem má út skilin á milli þess hver er höfundur og hver er viðfang listaverka. Sýningin er með verkum fimm ljósmyndara sem mynda sjálf sig og fólkið nærri sér í tilraun til að skilja hvert sjálf þeirra er, hver staða þeirra er í samfélaginu og hvernig flokkarnir sem við höfum skapað, eins og kyngervi og sambönd, markar þeirra veru; auk verka þriggja myndlistarmanna sem vinna í video, gjörninga, teikningu og textílverk sem eru eins tjáning á eigin reynsluheim og samböndum á berskjaldaðan hátt.

Listafólk

Adele Hyry, Dýrfinna Benita Basalan, Jenny Rova, JH Engström, Jói Kjartans, Kristinn G. Harðarson, Michael Richardt, Sadie Cook

Sýningarstjórn

Brynja Sveinsdóttir & Hallgerður Hallgrímsdóttir



Guðrún Bergsdóttir
30.04.2024-10.08.2025

Yfirlitssýning á verkum Guðrúnar Bergsdóttur. Verk Guðrúnar má út manngerð landamæri listheimsins, þar sem múrar hafa verið reistir og verk eru vegin og metin eftir ósögðum en vel þekktum reglum um gildi ólíkra verka og skapara þeirra. Guðrún Bergsdóttir hefur markað spor í listasöguna og með verkum sínum og nálgun hefur hún haft áhrif á samtímafólk sitt í listinni.

Útgáfa um verk Guðrúnar mun koma út samhliða sýningunni.

Sýningarstjóri Hildigunnur Birgisdóttir.



Corpus

7. ágúst. 2025-19. október 2025

Austursalur & Vestursalur

Sýningin er samsýning alþjóðlegra listamanna með fókusi á efniskennd, skúlptúr og ljósmyndun þar sem listamennirnir kanna hugmyndir um líkamann og manneskjuna. Með „líkamann“ sem stærra samhengi, skiptist sýningin í þrjú konsept - þá sérstaklega kynjahlutverk og kvenleika, kynþátt og svartleika, og tengsl líkamans við náttúruna og hið ómannlega.

Listafólk

Arvida Byström (SE), Hertta Kiiski (FI), Jeanette Ehlers (DK), Klāvs Liepiņš & Renāte Feizaka (LV/IS) og Sunneva Ása Weissappel (IS).

Sýningarstjórn

Daríja Sól Andrews



SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR / PERFORMANS

25.10.2025-04.01.2026

Austursalur & Vestursalur

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er sýningaröð sem haldin verður í sjötta sinn í Gerðarsafni sem er ætlað að draga fram skúlptúrinn í samtímanum.

Sýningaröðinni heiðrar Gerði Helgadóttur um leið og dregnar eru saman tengingar við íslenska sýningarsögu og hreyfingar í samtímaskúlptúr.

Sýningin 2025 verður með öðru móti þar sem verður búið til samtal á milli skúlptúrsins og gjörningalistar.



Valgerður Briem
10.01.2026-02.08.2026
Austursalur & Vestursalur

Í safneign Gerðarsafns leynast gersemar sem enn á eftir að skrifa inn í íslenska listasögu. Valgerði mætti kalla huldukonu í íslenskri myndlist þar sem framlag hennar til íslenskrar listasögu hefur verið að mestu óþekkt. Verk hennar eru tilraunakennd og er ferill hennar og listrænt ferli svipað dulúð. Verk Valgerðar eru umfangsmiklar séríum þar sem hún vinnur að úrvinnslu og þróun á hugmynd og nálgun í lengri tíma.

Samhliða sýningunni mun koma út bók um listsköpun Valgerðar Briem.

Sýningarstjóri: Cecilie Gaihede

Jeremy Deller
10.04.2026-2.08.2026
Austursalur & Vestursalur

Jeremy Deller (f. 1966) er einn þekktasti samtímalistamaður Bretlands. Á sýningunni í Gerðarsafni verður lögð áhersla á verk sem eru frá árunum 2021–2026. Prentverkin eru unnin í samvinnu við grafíska hönnuðinn Fraser Muggeridge.

Verk verða sérstaklega unnin fyrir sýninguna auk þess sem verk verða staðsett í umhverfinu utan safnsins í borgarumhverfinu. Gert er ráð fyrir að verkin verði til dæmis sýnd á auglýsingaskiltum, í útvarpi, á flugvöllum og öðrum stöðum sem gætu komið til greina sem hluti af verkefninu.

Sýningarstjórn: Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Geirfinnsdóttir) í samstarfi við Fraser Muggeridge.





Gerður grunnsýning Salur á neðri hæð

Grunnsýning á verkum Gerðar Helgadóttur með rakastýrðu sérrými fyrir járnverk Gerðar. Sýningin gefur yfirlit yfir feril Gerðar með áherslu á höggmyndalist hennar.

Sýningin er framhald af yfirlitssýningu sem haldin var árið 2018 þar sem 1400 verk hennar í safneign Gerðarsafns voru höfð til grundvallar. Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar er leiðarstef í starfsemi Gerðarsafns sem einnig endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu.

A thick yellow line that starts at the bottom left, curves upwards and to the right, peaks, and then curves downwards and to the right, ending at the bottom right.

Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Safnbúð Gerðarsafns



Safnbúð Gerðarsafns

Safnbúð Gerðarsafns býður upp á fjölbreytt úrval af íslenskum og erlendum hönnunar-og gjafavörum, veggspjöldum, ritföngum, leikföngum, bókum, tímaritum og föndurvörum.

Verslunin kaupir bæði vörur í heildsölu en er einnig með vörur í umboðssölu. Lögð er áhersla á að bjóða upp á vörur sem finnast ekki á hverju strái.

Á nýju ári er markmið okkar að auka eigin framleiðslu á vörum sem tengjast safneigninni. Auk þess er stefnt að því að setja upp vefverslun og tengja við heimasíðu safnsins. Að sjálfsögðu höldum við svo áfram að bjóða upp á úrval af vörum frá spennandi hönnuðum og listamönnum.

Sala safnbúðarinnar árið 2024 var 4.540.000,-

Sala safnbúðarinnar árið 2023 var 3.560.000,-

Fjárhagsáætlun á heildarsölu í safnbúð er 2.250.000,-



Safnbúð Gerðarsafns

Stefnt er að tveimur stórum breytingum í safnbúð Gerðarsafns á árinu 2025.

Innréttingar

Á nýju ári mun safnbúðin fá nýjar innréttingar sem munu auðvelda útstillingu á vörum og passa betur við húsið hvað varðar lit og efnisval. Innréttingarnar koma með skúffum og hirslum sem auðveldar það að geyma lager inni í verslunarrýminu.

Vefverslun

Á nýju ári ætlum við að hleypa af stokki vefverslun. Verslunin yrði hýst á Shopify en aðgengileg út frá heimasíðu safnsins. Til að byrja með yrðu þar til sölu okkar eigin vörur; prent, póstkort, bækur útgefnar af Gerðarsafni og innfluttar bækur sem dæmi. Seinna meir langar okkur að bæta við fleiri vörum.



Minjagripir út frá safneign

Prent

Af okkar eigin vörum hafa eftirprentin okkar verið vinsælust. Við bjóðum upp á eftirprent af verkum úr safneigninni eftir Gerði Helgadóttur, Valgerði Briem, Barböru Árnason og Valtý Pétursson. Ætlunin er að gera ný eftirprent á árinu.

Póstkort

Á síðasta ári létum við gera póstkort með verkum eftir Gerði Helgadóttur, Valgerði Briem, Barböru Árnason og Magnús Árnason. Einnig létum við gera póstkort í tengslum við sýninguna Venjulegir staðir með ljósmyndum eftir Tine Bek og Ívar Brynjólfsson. Markmið okkar er að vera með breytt úrval af póstkortum og gjafakortum sem henta fyrir mismunandi tilefni.





Minjagripir út frá safneign

Skissubækur

Árið 2023 gerðum við skissubækur, hannaðar af Arnari Frey Guðmundssyni. Bækurnar eru prentaðar á Íslandi úr þykkum og vönduðum Munken pappír með tveim mismunandi kápum sem vísa í Gerði Helgadóttur og Stúdíó Gerðar. Á þessu ári ætlum við að breikka úrvalið og bjóða upp á aðra stærð af bókunum.

Gjafapappír

Ætlunin er að láta útbúa gjafapappír í örkum með munstri unnið út frá skissum af mósaíkverkum Gerðar Helgadóttur.

Slæða

Okkur langar að gera silkislæðu sem er unnin út frá skissum af mósaíkverkum Gerðar Helgadóttur.

Keramík

Fá keramiklistamenn til að hanna og búa til vörur, s.s. kertastjaka og blómavasa sem unnar eru út frá formum sem finna má í verkum Gerðar Helgadóttur.



Vöruúrval safnbúðar

Hönnunarvörur

Safnbúðin hefur alltaf lagt áherslu á að vera með vörur frá innlendum hönnuðum og listamönnum. Dæmi um hönnuði og lítil merki sem við höfum átt farsælt samstarf með er Hanna Dís Whitehead, Sigríður Hjaltalín, Anna Wallenius, ERNA, GÆLA, Hamraborg Festival og núna síðast Eva Ísleifs sem hannar fatnað undir merkinu RepÜp.

Bækur

Undanfarna mánuði höfum við verið að kaupa inn og fá í umboðssölu fleiri bækur. Okkur langar að auka áherslu á eigulegar bækur tengdar myndlist, ljósmyndun og hönnun en einnig fá inn fleiri bækur og tímarit sem tengjast yfirstandandi sýningum safnsins.

Ritföng og leikföng

Verslunin hefur verið með úrval af fallegum og vönduðum ritföngum og leikföngum í umboðssölu frá Möndlunni heildsölu og ritfangaversluninni Nakano. Ætlunin er að halda áfram því góða samstarfi og leggja enn meiri áherslu á föndurvörur, fyrir bæði börn og fullorðna.



Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Útilistaverk í Kópavogsbæ



Útilistaverk Kópavogsbæjar

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns hefur unnið að tillögu að framkvæmd við gerð útilistaverks fyrir sjóð menningar- og mannlífsnefndar.

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns leggur til að farið verði í gerð nýs útilistaverks þegar sjóðurinn er kominn í 15.000.000. Telur ráðið þá raunhæft að ná að framkvæma nýtt útilistaverk á faglegan hátt.

Tillaga ráðgjafanefndar er að láta vinna verk sem er staðbundið verk fyrir Kópavogsbæ og svæðið sem verður valið. Lagt til að óska eftir tillögum frá þremur völdum listamönnum sem myndu gera tillögu hvert að útilistaverki. Þörf er á fjármagni til að greiða listamönnum fyrir gerð tillaga að verki.

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns gæti haldið utan um val á listamönnum, eftirfylgni á tillögum og faglegt mat og tillögur að vali verks, sem borið væri undir menningar- og mannlífsnefndar til samþykktar.

Brot úr ævi Jarðar



Náttúrufræðistofa Kópavogs

Þróun lífsins



Náttúrufræðistofa Kópavogs



Nýjar áherslur í starfi Náttúrufræðistofu

Náttúrufræðistofa Kópavogs gegnir veigamiklu hlutverki að stuðla að sýningu, varðveislu og söfnun náttúruminja og standa að fræðslu og miðlun á umhverfismálum og náttúruvísindum.

Í endurmótaðri starfsemi Náttúrufræðistofu er lögð áhersla á að styrkja stöðu safnsins sem viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda, að efla miðlunarhlutverk safnsins og styrkja samspil innra og ytra safnastarfs.

Unnið hefur verið að því að styrkja Náttúrufræðistofu sem vettvang til að kynna náttúru landsins í gegnum grunnsýningu, fræðslu, viðburði og miðlun með það að marki að stuðla að auknu náttúrulæsi.

Á safninu er í auknum mæli að kanna snertifleti náttúruvísinda við skapandi greinar og verður nálgun ólíkra fræðasviða að náttúruvísindum leið að nýrri sýn og skilningi á umhverfi okkar.



Miðlun í kjarna starfsemi safnsins

Fagleg starfsemi Náttúrufræðistofu snýst öðru fremur um miðlun, sér í lagi til barna, og gera náttúru og vísindi aðgengileg og áhugaverð fyrir fólk á öllum aldri. Safnið stendur fyrir fræðslu sem miðar að því að auka vísinda og náttúrulæsi og hvetja börn til forvitni og rannsókna.

Vísindaskólinn

Í Vísindaskólanum fá forvitnir krakkar fá einstaka og virka fræðslu um líffræði, jarðfræði, veðurfræði, stjörnufræði og eðlisfræði. Sérfræðingar í náttúruvísindum munu leiða Vísindaskólann þar sem krakkar fá að vera rannsakendur og könnuðir á náttúrunni í kringum okkur.

Myndlist og náttúra

Myndlist og náttúra er samstarfsverkefni Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu þar sem börn fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka náttúruna í gegnum töl náttúrufræða og myndlistar. Börnin koma í fræðsluheimsókn þar sem náttúrufræðingur kynnir fyrir þeim náttúruleg fyrirbæri og tekur svo myndlistarmaður við og leiðir þau í gegnum smíðju.

GESTAFJÖLDI Í NÁTTÚRUFRAEÐISTOFU



Stóraukin aðsókn og stuðningur

Með endurmótun starfsemi Náttúrufræðistofu með nýrri grunnsýningu, aukinni áherslu á fræðslu og metnaði í viðburðum og miðlun hefur aðsókn á safnið stóraukist frá enduopnun.

Fjöldi gesta á mánuði var að jafnaði 1650 á árunum 2022-2023. Gestafjöldi á mánuði frá enduopnun í maí 2024 var 5800 gestir.

Skólaheimsóknir hafa rokið upp eftir enduopnun og hafa 3849 börn komið í skólaheimsóknum árið 2024.

Safnið hefur hlotið mjög góða styrki á því ári sem er liðið frá endurmótun. Náttúrufræðistofa og Gerðarsafn hlutu öndvegisstyrk frá Safnasjóði fyrir Myndlist og náttúru 2024-2026, 10 millj í heildina. Árið 2025 er núþegar komnir styrkir fyrir 5 milljónum, aðeins frá Safnasjóði. Þar fyrir Vísindaskólanum og óvæntum uppbrotum í grunnsýningu safnsins.



Nafn safns á að endurspegla starfsemi

Heiti safnsins, Náttúrufræðistofa Kópavogs, er ekki lýsandi fyrir starfsemi safnsins. Þörf er á að breyta heitinu til þess að skýra betur að um viðurkennt safn sé að ræða en ekki náttúrustofu eða rannsóknarstofu í hefðbundnum skilningi.

Styrkja þarf stöðu þess sem safn, sem ber með sér samfélagslegar skyldur á við fræðslu, opinn aðgang og tengingu við nærsamfélag sitt. Safnið er með mikla áherslu á fræðslu og að færa náttúruna, náttúrufræði og vísindi af stalli og nær almennum gestum. Safnið sinnir einnig mikilvægu innra starfi við skráningu, umönnun og forvörslu safngripa og er því þörf á að að heitið feli í sér „safn“.

Sambærileg söfn erlendis:

Nemo í Amsterdam

Naturalis í Leiden

Technopolis í Belgíu

Universum í Bremen

Exploratorium í San Francisco

American Museum of Natural History í New York


Experimentarium í Kaupmannahöfn

Eldvirknin



Náttúrufræðistofa Kópavogs

ΣÓΛ- ΚΕΡΦΙΣ



Náttúrufræðistofa Kópavogs